



Reykjavík 25. apríl 2016

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

618. mál 145. löggjafarþing: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dagsettu 19. apríl 2016, þar sem óskað var umsagnar Íslandsstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Íslandsstofa fagnar frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra og styður að það verði að lögum. Með framlengingu laganna og hækkun endurgreiðslunnar úr 20 í 25% er samkeppnishæfni Íslands um erlend kvikmyndaverkefnið viðhaldið andspænis harðnandi samkeppni og nýjum endurgreiðslum sbr. 25% endurgreiðsla í Noregi. Allar úttektir síðustu ára staðfesta verðmæti þess og gildi fyrir þennan mikilvæga iðnað að fá tækifæri til að starfa að fjölbreyttum verkefnum með erlendum aðilum í fremstu röð. Verkefnið styður því við íslenskan kvikmyndaíðnað og stuðlar að uppgangi hans. Jákvæð hagræn áhrif fyrir samfélagið í heild hafa einnig verið staðfest.

Óbein áhrif öflugrar erlendar og innlendar kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðar á Íslandi birtast nú í rannsóknum á áhrifavöldum í ferðapjónustu. Í rannsókn sem Maskína vann fyrir Ferðamálastofu sumarið 2014 kom fram að alþjóðlegar kvikmyndir og sjónvarpsefni sem sýndu Ísland voru í 4. sæti yfir kveikjur þeirrar hugmyndar að ferðast til Íslands. 14,3% nefndu þennan þátt sem kom næstur á eftir vefefni og mældist mun sterkari en bæði umfjöllun í blöðum og tímaritum, auglýsingarit eða prentaðar auglýsingar (sjá hjálagða mynd úr skýrslunni á næstu síðu). 5,8% nefndu íslenska kvikmynd eða sjónvarpsefni til viðbótar svo að samanlagt er kvikmyndageirinn áhrifaþáttur í ákvörðun ríflega fimmta hvers erlends ferðamanns. Þá hafa verkefnið sjálf umtalsverð bein áhrif meðan á tókum stendur og nýta m.a. innviði og fjárfestingu í ferðapjónustu utan háannar.

Fjárfestingasvið Íslandsstofu hefur sinnt því verkefni að kynna endurgreiðslukerfið, Ísland sem hagkvæman og aðgengilegan tókustað og þá reynslu og þekkingu sem íslensku þjónustufyrirtækin búa yfir. Þetta verkefni fellur einkar vel að því heildarhlutverki Íslandsstofu að auka útflutningstekjur þjóðarinnar og styrkja og bæta orðspor landsins sem upprunalands vöru, þjónustu og menningar, áfangastaðar fyrir ferðamenn og fjárfestingakost. Kjarni kynningarstarfsins er að byggja upp þétt net persónulegra sambanda inn í kvikmyndageirann og fá fundi með lykilaðilum sem taka ákvarðanir um staðsetningu verkefna. Mjög gott og vaxandi samstarf hefur verið við önnur svið Íslandsstofu varðandi lykilkætti á borð við skipulagningu heimsókna erlendra blaðamanna og tókustaðastjóra auk þess sem efnt hefur verið til sérstakra viðburða í tengslum við frumsýningar verkefna sem tekin voru hér á landi. Þetta starf styður við þau almennu jákvæðu áhrif sem lögunum er ætlað að hafa í heild.

Íslandsstofa styður einnig að ferillinn við sjálfstætt mat umsókna, ákvörðun um endurgreiðslu og skýrar kæruleiðir sé bættur eins og lagt er til í frumvarpinu.


Þórður H. Hilmarsson,
for tóðumaður erlendra fjárfestinga Íslandsstofu

Sp. 10. Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð?

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara	
Almennur áhugi á náttúru/landinu	565	46,5	23,8	46,5%
Frá vinum/ættingjum	523	43,0	22,0	43,0%
Netið	208	17,1	8,7	17,1%
Alþjóðlegt myndrænt efni (bíómyndir/ heimildamyndir/sjónvarpsþættir/tónlistar- myndbönd, sem sýna Íslenska náttúru)	174	14,3	7,3	14,3%
Fyrri heimsókn/ir	169	13,9	7,1	13,9%
Grein um Ísland í dagblöðum/tímaritum	111	9,1	4,7	9,1%
Ferðaskrifstofa/flugfélag	88	7,2	3,7	7,2%
Ferðabæklingar/Ferðahandbækur	78	6,4	3,3	6,4%
Íslenskar bókmenntir	72	5,9	3,0	5,9%
Íslenskar kvikmyndir (framleiddar á Íslandi)	71	5,8	3,0	5,8%
Alþjóðlegt samstarf/ráðstefna/félagasamtök	57	4,7	2,4	4,7%
Viðskiptatengsl við Ísland	37	3,0	1,6	3,0%
Bið á milli fluga (flugfélög)	29	2,4	1,2	2,4%
Auglýsing í dagblöðum/tímaritum	27	2,2	1,1	2,2%
Tónlist	22	1,8	0,9	1,8%
Hestamennska	17	1,4	0,7	1,4%
Útvarp	3	0,2	0,1	0,2%
Annað	127	10,4	5,3	10,4%
Gild svör*	2378	195,6	100,0	
Gildir svarendur	1216	46,3		
Fengu ekki spurningu**	1380	52,5		
Svöruðu ekki	33	1,3		
Heildarfjöldi	2629	100,0		

*Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

**Helmingur svarenda (slembival) fékk þessa spurningu og hinn helmingurinn spurningu 9, sem er með örlítið breyttum svarmöguleikum.

Skýrslan í heild er aðgengileg á vef Ferðamálastofu:

<http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/2014-12->

[17_ferdamalastofa_erlendirferdamenn_an_vaka_maskinuskyrsla_islenska-pdf](#)